


# Fréttabréf KFUM og KFUK



Feringarnámskeiðin í Vatnaskógi

Mikil fjölgun í sumarbúðunum sumarið 2021

Fyrstu teikningar að nýju húsi á Holtavegi

Mikilvægar nýjungar hjá Æskulýðsvettvanginum

Safnað fyrir viðgerðum á kirkjunni í Vindáshlíð





Salóme Pálsdóttir, Sigríður Sól Ársælsdóttir, Alice Viktoria Kent, Ásta Ísabella Kent, Birta Líf Hannesdóttir, Eva Sigurðardóttir og Brynjar Karl Guðmundsson eru meðal fullgildra félaga KFUM og KFUK. Þess má geta að Birta Líf var þúsundasti félaginn.

## Yfir 1.000 fullgildir félagar

KFUM og KFUK eru frjáls félagasamtök. Góður hópur skráðra félaga er því ein grunnforsendan fyrir tilvist KFUM og KFUK.

Félagsaðild í KFUM og KFUK má skipta í tvennt: Þátttökuaðild annars vegar og fullgild félagsaðild hins vegar.

Þátttökuaðild er sérstaklega sniðin að börnum undir 18 ára. Hún markast einfaldlega af þátttöku fólks í einhverju af fjölbreyttu starfi félagsins. Félagið er opið og á hverju ári taka hátt í átta þúsund manns þátt í starfi KFUM og KFUK.



Tómas Torfason,  
framkvæmdastjóri  
KFUM og KFUK  
á Íslandi

Fullgild félagsaðild er fyrir þau sem náð hafa 18 ára aldri og vilja tilheyra formlega þeim öflugra hópi fólks sem stendur að KFUM og KFUK. Fullgild félagsaðild er fyrir þau sem eiga samleið með hugsjón félagsins, vilja taka þátt í starfi þess eða starfsstöðvanna með einhverjum hætti og vilja hafa áhrif á framgang félagsins. Kjörgengi á aðalfundum félagsins og starfsstöðva og val til trúnaðarstarfa er bundin við fullgilda félagsaðild.

Í haust fór fjöldi fullgildra félaga í fyrsta sinn yfir 1.000 manns þegar 55 nýliðar bættust í hópinn. Því var fagnað á sérstökum hátíðarfundi sem getið er hér í blaðinu.

Félagasamtök eru mynduð af félagsfólki. Við í KFUM og KFUK erum stolt af þeim fjölbreytta hópi fólks sem myndar félagið og bakklát trúfesti þeirra sem kjósa að tilheyra KFUM og KFUK með formlegri félagsaðild.

## Viltu leggja starfi KFUM og KFUK lið?

Hægt er að leggja félaginu lið með ýmsum hætti. Þú getur haft samband með því að senda póst á skrifstofa@kfum.is og við finnum verkefni sem þarf að vinna og hentar þér. Einnig má leggja fjármálunum lið með því að leggja inn á viðeigandi reikning hér að neðan.

### KFUM og KFUK á Íslandi

kt. 690169-0889

Rekstrarsjóður 525-26-678899

### Vatnaskógur kt. 521182-0169

Rekstrarsjóður 11-26-10616

Nýbygging 117-05-189120

Kapellusjóður 101-05-192975

### Vindáshlíð kt. 590379-0429

Rekstrarsjóður 515-26-163800

### Ölver kt. 420369-6119

Rekstrarsjóður 552-26-422

Sveinúsjóður 701-05-302000

### Hólavátn kt. 510178-1659

Rekstrarsjóður 565-26-30525

### Kaldársel kt. 480883-0209

Rekstrarsjóður 545-26-9111

Framkvæmdasjóður 515-14-404800

### KFUM og KFUK á Suðurnesjum

kt. 650681-0379

Rekstrarsjóður 121-26-3385

### KFUM og KFUK á Akureyri

kt. 690169-3049

Rekstrarsjóður 302-26-50031

### Leikskóli KFUM og KFUK

kt. 590176-0369

Rekstrarsjóður 525-26-3734



FRÉTTABRÉF KFUM og KFUK 1. töl. 2022.

Útgefandi: KFUM og KFUK á Íslandi, Holtavegi 28,  
104 Reykjavík. Sími 588 8899.

Ábyrgðarmaður: Tómas Torfason.

Prentun: Svansprent.

Ljósmyndir í blaðinu eru flestar teknar af starfsfólki og félagsfólki KFUM og KFUK.

Félagið þakkar þeim fjölmörgu sem lögðu hönd á plóg við útgáfu þessa blaðs.



3.202 börn og unglingar tóku þátt í hefðbundnu sumarbúðastarfi KFUM og KFUK á liðnu sumri.

### Sumarbúðir KFUM og KFUK:

# Mikil fjölgun þátttakenda sumarið 2021

Enn eitt metið var slegið í sumarbúðum KFUM og KFUK sumarið 2021. Þátttaka í hefðbundnu sumarbúðastarfi var 16% meiri en árið 2020, fór úr 2.768 þátttakendum í 3.202. Með hefðbundnu sumarbúðastarfi er átt við 5–7 daga dvalarflokka fyrir börn og unglinga, en þar fyrir utan standa sumarbúðirnar fyrir margs konar viðburðum, t.d. feðga-, mæðgna- og feðginaflokkum sem ekki eru talin með hér. Á síðustu árum hefur aðsókn aukist í sumarbúðastarfinu. Við höldum að við hefðum fyllt hvert pláss sumarið 2020, en mikilli eftirspurn vorið 2021 var mætt með fjölgun

dvalarflokka, auk þess sem gerðar voru ráðstafanir til að fjölga plássum í nokkrum dvalarflokkum í Vatnaskógi. Mest var fjölgunin í Vatnaskógi (21%) sem tók á móti 1.171 barni eða 203 fleiri en árið á undan. Sumarstarfið gekk mjög vel. Það er þakkarvert að þrátt fyrir mikla fjölgun barna var lítið var um slys eða önnur óhöpp. Þá slapp sumarstarfið að mestu við Covid-19. Það var eingöngu í lok sumars að grunur kom upp um smit í Vindáshlið og Ölveri og var því mætt við viðeigandi ráðstöfunum.



Á síðustu árum hefur aðsókn aukist í sumarbúðastarfinu. Súluritið hér að ofan sýnir þátttökutölur í hefðbundnum dvalarflokkum sumarbúða KFUM og KFUK síðstu fimm sumur. Þar eru ekki talin með önnur verkefni í sumarstarfi, t.d. feðga-, mæðgna- eða feðginaflokkar, Sæludagar, né heldur leikjanámskeið félagsins.



Porvaldur Sigurðsson hjá Inter afhendir Tómasi Torfasyni framkvæmdastjóra KFUM og KFUK eitt af tækjunum sjö.

## KFUM og KFUK hafa fengið sjö hjartastuðtæki að gjöf

Fyrirtækið Inter, sem er í eigu hjónanna Porvaldar Sigurðssonar og Herðísar Ástráðsdóttur, hefur á síðustu misserum fært KFUM og KFUK sjö hjartastuðtæki að gjöf. Tækin eru staðsett í sumarbúðunum fimm, á leikskólanum Vinagarði og í félagsheimilinu Holtavegi. Hjartastuðtæki eru mikilvæg öryggistæki sem bjarga mannlífum, þó svo að sú von fylgi ávallt að það reyni aldrei á notkun þeirra. Það er mikilvægt fyrir KFUM og KFUK að eiga velunnara og bakhjarla. Félagið færir þeim hjónum og starfsfólki þeirra hjá Inter miklar þakkir fyrir þessa mikilvægu gjöf.



## Eindagi félagsgjalda er 1. febrúar

Innheimta félagsgjalda fyrir árið 2021 var seinna á ferðinni en vanalega, kröfur voru stofnaðar í heimabanka í desember sl. Eindagi er 1. febrúar 2022. Við hvetjum alla til þess að greiða félagsgjöldin, enda eru þau mikilvægur hluti af fjárhag félagsins. Félagsgjöldin eru ekki aðeins mikilvægur tekjur sem gert er ráð fyrir í áætlunum, heldur fylgja þeim einnig öflug hvatning til þess breiða hóps sem vinnur að framgangi félagsins.



## Hátíðar- og inntökufundur haldinn með nýju sniði

Mikil gleði var á hátíðar- og inntökufundi KFUM og KFUK sem haldinn var með nýju sniði og gömlum hefðum 8. október sl. Um 110 manns mættu á fundinn þar sem nýjum félögum var fagnað. Á árum áður var eingöngu hægt að ganga í félagið á árlegum inntökufundi. Í seinni tíð hefur verið hægt að ganga í félagið allt árið um kring, en haldið hefur verið í þann góða sið að hafa sérstakan fund til að fagna nýliðum. Frá síðasta hátíðar- og inntökufundi höfðu 55 manns bæst í hóp skráðra félaga. Af þeim mættu 25 á fundinn og fengu skýrteini og blóm úr hendi Sólveigar Reynisdóttur formanns og Stefáns Jónssonar varaformanns við hátíðlega athöfn.

Í ár fór fjöldi fullgildra félaga í fyrsta sinn yfir 1.000 manns. Það var Birta Líf Hannesdóttir sem var þúsundasti félaginn. Fjöldi fólks kom að fundinum. Söngvarinn og skemmtikrafturinn Eyþór Ingi Gunnlaugsson skemmti gestum og Gunnar Hrafn Sveinsson stóð fyrir hópefli og skemmtiatriðum. Tinna Rós Steinsdóttir var veislustjóri, Sr. Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir flutti hugvekju, Guðmundur Karl Einarsson annaðist undirleik og Ísak Jón Einarsson var tæknimaður. Undirbúningsnefnd skipuðu Telma Ýr Birgisdóttir, Unnur Ýr Kristinsdóttir og Tómas Torfason.



Sólveig Reynisdóttir, formaður KFUM og KFUK, ásamt Birtu Líf Hannesdóttur, þúsundasta félaganum.



Pósað fyrir myndakassann.



Rikharður Esterarson, Tinna Dögg Birgisdóttir og Gunnar Hrafnsson.



Ragnheiður Möller, Sigurður Pálmason, Herdís Ástráðsdóttir og Þorvaldur Sigurðsson.



Guðmundur Karl Brynjarsson, Sigurbjört Kristjánsdóttir, Kamilla Hildur Gísladóttir og Þorsteinn Helgason.



Guðmundur Tómas Magnússon, Sveinn Elliói Björnsson og Sigurður Már Hannesson.



Eyþór Ingi Gunnlaugsson skemmti gestum.

# Stjórnir innan KFUM og KFUK

Á hverju ári starfa 84 til 88 sjálfboðaliðar í stjórnnum á vegum KFUM og KFUK, en þær bera ábyrgð á sérhverri starfseiningu.

Stjórnir innan KFUM og KFUK á starfsárinu 2021–2022 eru þannig skipaðar:

## KFUM og KFUK á Íslandi

Sólveig Reynisdóttir, formaður  
Stefán Jónsson, varaformaður  
Sigurður Erlingsson, gjaldkeri  
Arna Ingólfssdóttir, ritari  
Guðlaugur Sveinn Hrafnsson, meðstjórnandi  
Jón Dalbú Hróbjartsson, meðstjórnandi  
Telma Ýr Birgisdóttir, meðstjórnandi  
Herdís Gunnarsdóttir, meðstjórnandi  
Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir, varamaður  
Ómar Þorvaldur Kristinsson, varamaður

## KFUM og KFUK Akureyri

Brynhildur Bjarnadóttir, formaður  
Eydís Ösp Eyþórsdóttir, ritari  
Hanna Þóra Guðmundsdóttir, gjaldkeri  
Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir, varamaður  
Gunnar Einar Steingrímsson, varamaður

## KFUM og KFUK Vestmannaeyjum

Guðmundur Örn Jónsson, formaður  
Gísli Stefánsson, gjaldkeri  
Ragnheiður Perla Hjaltadóttir, ritari  
Brynja Rut Halldórsdóttir, meðstjórnandi  
Snorri Rúnarsson meðstjórnandi

## KFUM og KFUK Suðurnesjum

Sigurbjört Kristjánsdóttir, formaður  
Sveinn Valdimarsson, gjaldkeri  
Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir, ritari  
Erla Guðmundsdóttir, meðstjórnandi  
Björn Kristinn Jóhannsson, varamaður

## Vinagarður leikskóli KFUM og KFUK

Guðmundur Karl Einarsson, formaður  
Jóhanna Klara Stefánsdóttir, gjaldkeri  
Matthildur Bjarnadóttir, ritari  
Berglind Ósk Einarsdóttir, fulltr. M&K  
Anna Elísa Gunnarsdóttir, fulltrúi foreldra  
Berglind Ólöf Sigurvinsdóttir, varamaður  
Áslaug Dóra Einarsdóttir, varamaður

## Vatnaskógur

Ólafur Sverrisson, formaður  
Jón Ómar Gunnarsson, varaformaður  
Gunnar Hrafn Sveinsson, ritari  
Páll Skaftason, gjaldkeri og fulltr. M&K  
Hreinn Pálsson, vararitari  
Davíð Örn Sveinbjörnsson, meðstjórnandi  
Tinna Dögg Birgisdóttir, I varamaður  
Sigurður Grétar Sigurðsson, II varamaður

## Basar KFUK

Bára Sigurjónsdóttir, formaður  
Anna Elísa Gunnarsdóttir, gjaldkeri  
Berglind Ósk Einarsdóttir, ritari  
Hildur Þóra Hallbjörnsdóttir, meðstjórnandi

## Jól í skókassa

Björgvin Þórðarson, formaður  
Mjöll Þórarinsdóttir, gjaldkeri  
Hreinn Pálsson, ritari  
Áslaug Björgvinsdóttir, meðstjórnandi  
Ingibjörg Valgeirsdóttir, meðstjórnandi

## Vindáshlið

Ásgeir Pétursson, formaður  
Dagný Dögg Sigurðardóttir, varaformaður  
Andrea Anna Arnardóttir, ritari  
Styrmir Magnússon, gjaldkeri  
Hildur Margrét Ambjargardóttir, vararitari  
Anna Bergljót Böðvarsdóttir, varagjaldkeri  
Bryndís Schram Reed, kynningarfulltrúi  
Elísa Sif Hermannsdóttir, kynningarfulltrúi

## Ölver

Erla Björg Káradóttir, formaður  
Alla Rún Rúnarsdóttir, varaformaður  
Erna Björk Harðardóttir, gjaldkeri  
Aníta Eir Einarsdóttir, ritari  
Hrafnhildur Garðarsdóttir, meðstjórnandi  
Heiðrún Ólöf Jónsdóttir, vararitari  
Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, varamaður

## Kaldársel

Jóna Þórdís Eggertsdóttir, formaður  
Sveinn Elliði Björnsson, gjaldkeri  
Guðrún Ósk Gunnarsdóttir, ritari  
Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, kynningarfulltr.   
Guðni Natan Gunnarsson, varamaður  
Bryndís Böðvarsdóttir, varamaður

## Hólavátn

Herdís Helgadóttir, formaður  
Eydís Ösp Eyþórsdóttir, ritari  
Þórður Daníelsson, meðstjórnandi  
Bára Dís Sigmarsdóttir, kynningarfulltrúi  
Gunnar Einar Steingrímsson, varamaður

## Karلاكór KFUM

Páll Skaftason, formaður  
Sigurjón Gunnarsson, gjaldkeri  
Sigurbjörn Sveinsson, ritari

## Ljósbrott - kvennakór KFUK

Herdís Ástráðsdóttir, formaður  
Ásta Björg Þorbjörnsdóttir, gjaldkeri  
Alfa Kristjánsdóttir, ritari

## Sportfélag KFUM og KFUK

Pétur Ásgeirsson, formaður  
Anna Magnúsdóttir, ritari  
Guðrún Nína Petersen, gjaldkeri



Tinna Rós Steinsdóttir, framkvæmdastjóri Vindáshliðar, var veislustjóri kvöldsins.



Sigurður Pétursson, Snorri Waage, Kristín Skúladóttir og Ingibjörg Valgeirsdóttir.



Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir og Sigurður Grétar Sigurðsson.



Sólbjörg Linda Reynisdóttir og Jóna Þórunn Vernharðsdóttir.



Feðgarnir Ársæll Aðalbergsson og Bjarki Þór Ársællsson.



## Fyrstu teikningar að nýju húsi á Holtavegi

Fyrstu teikningar að nýju húsi þjónustu- miðstöðvar KFUM og KFUK á Holtavegi liggja núna fyrir. Nýju húsi er ætlað að koma í stað gamla hússins (sem byggt var 1952) og hefur staðið ónýtt vegna myglu síðustu ár.

Gert er ráð fyrir tveggja hæða húsi, rúmlega 400 fm að grunnfleti, auk nýrrar tengibyggingar við félagsheimilið. Neðri hæð nýbyggingar verður á sömu hæð og aðalinngangur er í félagsheimilið nú. Í nýrri tengibyggingu verður aðalinngangur og rúmgott anddyri fyrir bæði húsin.

Ráðgert er að í nýju húsi verði aðstaða

fyrir starfsfólk félagsins, m.a. skrifstofu- og fundarými. Í austurenda er mögulega hægt að hafa frístundaheimili, sem gæti jafnvel náð upp á efri hæð ef því er að skipta. Á efri hæðinni er horft til fjölbreytts skapandi frístunda- og æskulýsstarfs og í vesturenda gæti verið ungmennagisting í einhverri mynd.

Með þessum teikningum er fyrst og fremst verið að opna á hugmyndir svo hægt sé að eiga nánara samtal um þörfina og möguleikana, en slík umræða er erfið án þess að hafa eitthvað á blaði. Á teikningunum er hof til þess að

takmarka ekki möguleikana á fjölbreyttri nýtingu.

Með salerni og lagnarými í miðju húsinu, má aðlaga önnur rými að þörfum og ólíkum verkefnum og hugsanlega leyfa þeim að þróast með starfi félagsins í framtíðinni.

Það er arkitektastofan Úti og inni sem vinnur með félaginu, en þau eru jafnframt arkitektar félagsheimilisins sem var tekið í notkun árið 1994.



Aðalinngangurinn verður stækkaður og neðri hæð nýbyggingarinnar verður á þeirri sömu hæð (sömu hæð og félagsheimilið). Þar er gert ráð fyrir skrifstofum starfsfólks, auk þess sem opnað er á möguleikann fyrir frístundaheimili.



Á efri hæðinni er horft til fjölbreytts skapandi frístunda- og æskulýsstarfs og opnað á möguleikann á einhverskonar ungmennagistingu.



## Vel sóttir jólaflokkar í Vindáshlíð

Í lok nóvember og byrjun desember voru tveir jólaflokkar í Vindáshlíð, annars vegar fyrir 9-11 ára stúlkur og hins vegar fyrir 12-14 ára. Þrátt fyrir aukningu í Covid-19 tilfellum stuttu fyrir flokkana var hægt að halda þeim til streitu, þökk sé góðu samstarfi við Landlæknisembættið sem og forsjáraðila þeirra stúlkna sem skráðar voru í flokkana. Segja má að vinsældir flokkanna hafi farið framár björtustu vonum, en alls mættu 133 stúlkur í flokkana tvo og nutu jólaandans í Hlíðinni fríðu.

Jólympíuleikarnir voru haldnir, leitað var að jólunum í þar til gerðum leik, farið í brennó,

auk þess sem alls kyns jólaföndur var í boði. Vindáshlíð var skreytt í hólf og gólf auk þess sem stúlkurnar komu margar hverjar með töskur fullar af skreytingum til að setja upp í sínum herbergjum.

Veðrið lék við þátttakendur og færði jólastuðið á annað stig með snævi þaktri jörð í báðum flokkum, reyndar svo mikið svo að í seinni flokknum frestaðist heimkoma um sólarhring vegna færðar. En því ævintýri var vel fagnað af flestum sem í því lentu.



## Námskeið um siðareglurnar

KFUM og KFUK hefur til fjölda ára sett sig undir siðareglur Æskulyðsvettvangsins, enda kom félagið að mótun þeirra í samvinnu við skátana, Landsbjörgu og UMFÍ á sínum tíma. Siðareglurnar eru bæði vandaðar og aðgengilegar. Reynslan segir okkur hins vegar að ekki nægi að eiga þær bara til, það þarf einnig að kenna þær. Því eru þau félagasamtök sem saman mynda Æskulyðsvettvanginn að þróa námskeið um siðareglur um samskipti.

KFUM og KFUK hafa boðið upp á námskeið um siðareglurnar fyrir ungmenni á leiðtogahelgum og fyrir starfsfólk sumarþúða um árabíl.

Við kennsluna hafa m.a. verið notaðar svokallaðar klípusögur (e. case), sem eru tilbúin dæmi um aðstæður sem geta komið upp í raunveruleikanum. Á námskeiðunum er m.a. rætt um hvar mörk liggja í samskiptum og mörk viðeigandi og óviðeigandi hegðunar dregin fram í dagsljósið. Það sýnir sig að almenn þekking á siðareglunum hefur jákvæð áhrif á menninguna í hópi starfsmanna og leiðtoga og verður til þess að rýmið fyrir óæskilega framkomu eða hegðun verður mjög lítið.

Reynsla okkar í KFUM og KFUK nýtist vel við þróun námskeiðs Æskulyðsvettvangsins. Hjördís Rós Jónsdóttir er fulltrúi KFUM og KFUK í þeirri vinnu.



Pálmar Ragnarsson körfuboltaþjálfari var meðal fyrirlesara á samráðsþingi stjórna KFUM og KFUK, sem fram fór í Vatnaskógi 22.-24. október sl.

## Samráðshelgi stjórna tókst mjög vel

Samráðshelgi stjórna innan KFUM og KFUK var haldin í Vatnaskógi 22.-24. október sl. Stjórn KFUM og KFUK stóð að helginni og bauð til hennar fólki úr stjórnum starfsstöðva og fastra verkefna innan KFUM og KFUK.

Markmið samráðshelgarinnar var að:

- efla og auka tengsl forystufólks KFUM og KFUK
- vera vettvangur fyrir stefnumarkandi umræðu
- efla samfélagsþáttinn og hvetja forystufólk.

Dagskrá var fjölbreytt. Ólafur Sverrisson formaður Skógarmanna KFUM kynnti hvernig einföld markmiðasetning hefur leitt til aukinnar skilvirkni innan stjórnar Skógarmanna. Erna Björk Harðardóttir kynnti hvernig stjórn Ölvers heldur utan um starfsmenn og mótur um leið jákvæða starfsmannamenningu. Hugmyndir um nýbyggingu á Holtavegi voru kynntar. Viðráðar voru hugmyndir um samræmt verklag við stærri framkvæmdir. Hugmyndir um nýtt merki og grafíska ámynd félagsins var kynnt. Þá var tekin umræða um samvinnu forystufólks innan KFUM og KFUK.

Sr. Guðni Már Harðarson var með erindi um uppörvun fólks á krefjandi tímum og Pálmar Ragnarsson fyrirlesari og körfuboltaþjálfari fjallaði um mikilvægi jákvæðra samskipta. Glæsileg kvöldvaka var í boði Gunnars Hrafn Sveinssonar og Hreins Pálssonar. Mikil ánægja var með helgina, 43 fulltrúar frá öllum sumarbúðum, starfsstöðvum og föstum verkefnum mættu, auk 16 barna sem nutu staðarins meðan foreldrarnir sátu fundi.



Þrjú mæðgnaflokkar voru haldnir í Vindáshlíð á haustmisseri. Myndin er úr jóla-mæðgnaflokknum sem haldinn var síðustu helgina í nóvember.

## Mæðgnaflokkar vinsælir í Vindáshlíð

Þrjú mæðgnaflokkar voru haldnir í Vindáshlíð nú á haustmisseri og tókust þeir allir afar vel. Vegna mikillar eftirspurnar þurfti að bæta við mæðgnaflokk í haust. Þá var einn jóla-

mæðgnaflokkur haldinn síðustu helgina í nóvember. Mæðgnaflokkarnir hafa löngum verið vinsælir, enda fátt yndislegra fyrir mæðgur en að koma og njóta dvalarinnar í Hlíðinni fríðu.

### Vindáshlíð:

## Safnað fyrir viðgerð á kirkjunni

Bakland Vindáshlíðar hefur hefur sannarlega lagt sitt af mörkum á undanförunum mánuðum þegar safnað hefur verið fyrir viðgerðum á kirkjunni, Hallgrímskirkju í Kjós. Kominn var tími á viðhald og ljóst að kostnaður við þær viðgerðir mun hlaupa á milljónum. Kjarnakonan Ragnheiður Sverrisdóttir tók að sér það hlutverk að halda utan um þau mál og fór af stað með söfnun fyrir viðgerðunum. Hún stóð fyrir fyrsta línuhappdrætti Vindáshlíðar nú á haustmisseri og safnaðist yfir ein og hálf milljón vegna þess.

Að auki hefur verið leitað í ýmsar áttir eftir styrkjum og stuðningi við þessar framkvæmdir sem standa nú yfir. Enn er tekið við framlögum inn á reikning Vindáshlíðar:

**515-26-163800 - kt. 590379-0429**  
og merkja það kirkjunni.







## Góð reynsla af samstarfi um æskulýðsstarf í Hveragerðiskirkju

Það hefur heldur betur verið líf og fjör í Hveragerðiskirkju á mánudagskvöldum, síðastliðið misserið, þar sem KFUM og KFUK annast æskulýðsstarf í sókninni. Félagið sér þar um starf bæði yngri- og unglingadeildar. Segja má að góð reynsla sé komin á samstarfið, enda hefur KFUM og KFUK komið að æskulýðsstarfi í Hveragerðiskirkju í áráraðir. Fréttablað KFUM og KFUK náði tali af séra Ninnu Sif Svavarsdóttur og ræddi við hana um samstarfið.

„Við erum með mjög góða leiðtoga og erum mjög ánægð með starfið. Kostirnir við samstarf eins og okkar er að við fáum starfsfólk inn í æskulýðsstarfið, sem við vitum að hægt sé að



Sr. Ninna Sif Svavarsdóttir, sóknarprestur í Hveragerði.



treysta fyrir starfinu; ungt fólk sem hefur hlotið góða þjálfun og reynslu hjá KFUM og KFUK“, segir Ninna og bætur því við að KFUM og KFUK sé í sjálfu sér gæðastimpill í æskulýðsstarfi. „Við í Hveragerðiskirkju erum algjörlega á því að æskulýðsstarf eigi að vera í forgrunni kirkjunnar. Þess vegna er gott að geta verið í samstarfi við eins öflugt félag og KFUM og KFUK, sérstaklega þegar um er að ræða minni söfnuði, sem ef til vill hafa ekki burðina til að halda úti starfi fyrir alla aldurshópa.“ Ninna segist að lokum vera þakklát fyrir samstarfið, og má með sanni segja að KFUM og KFUK sé það líka.



Jól í skókassa:

## 4018 gjafir voru sendar til Úkraínu

Lokaskiladagur verkefnisins Jól í skókassa var laugardaginn 13. nóvember. Eftir viðburðaríkan móttökudag í félagshúsi KFUM og KFUK að Holtavegi 28 í Reykjavík, gekk hópur sjálfboðaliða frá 4.018 skókössum í flutningsgám sem sendur var í boði Eimskips til KFUM í Úkraínu. Þetta er í 18. sinn sem félagsfólk í KFUM og KFUK stendur að verkefninu í samstarfi við KFUM í Úkraínu. Gjöfunum verður dreift í byrjun janúar á heimili fyrir munaðarlausu, barnaspítala og til barna einstæðra foreldra í Úkraínu í Kirovohrad héraði (Kirovohrad Oblast). Því miður er ekki hægt að senda fulltrúa frá félaginu til Úkraínu til að vera með í útdælingu gjafanna, líkt og tíðkaðist fyrir Covid-faraldurinn.


Stjórn verkefnisins vill færa þeim fjölmörgu sem lögðu hönd á plóg miklar þakkir fyrir þeirra framlag.

Fræðast má um verkefnið Jól í skókassa á heimasíðunni [www.skokassar.is](http://www.skokassar.is).



## Starfsmannaferð á Norðurland

Starfsfólk þjónustumiðstöðvar KFUM og KFUK hélt starfsdag á Norðurlandi í haust. Hópurinn fékk hlýjar móttökur í Sunnuhlöð í félagsheimili KFUM og KFUK á Akureyri, heimsótti Glerárkirkju og fór fram á Hólavátn. Það er mikilvægt fyrir starfsmenn sem öllu jöfnu eru staðsettir í Reykjavík að hitta forystufólk í starfstöðvum félagsins og kynna staðháttum.





# Fermingarnámskeiðin í Vatnaskógi

## - mikilvægur liður í fermingarfræðslunni

Fjöldmargir fermingarhópar, víðs vegar að af landinu, leggja leið sína í Vatnaskóg á hverju ári til að sækja þar sérsniðin fermingarnámskeið. Á námskeiðunum er boðið upp á vandaða fræðslu fyrir fermingarbörnin, í bland við fjöruka skemmtun að hætti Skógarmanna KFUM. Alls voru 25 fermingarnámskeið haldin í Vatnaskógi haustið 2021.

„Ég elska þennan stað, það er eitthvað svo sérstakt við að koma þarna upp eftir og krakkarnir koma upp til hópa svo ánægð til baka“, segir séra Arna Grétarsdóttir, sóknarprestur í Reynivallaprestakalli um fermingarnámskeið í Vatnaskógi, en þann 11. nóvember fylgdi Arna u.þ.b. 70 fermingarbörnum í Vatnaskóg, þar sem hópurinn dvaldi eina nótt.

Arna segir það mikilvægt fyrir fermingarhópinn að geta dregið sig út úr amstri hversdagsleikans og skipt um umhverfi. „Það er helst þarna, sem maður nær tengslum við krakkana. Dagskráin og staðurinn sjálfur, sem Vatnaskógur er, gefur krökkunum öryggið til að treysta og tjá sig“, segir Arna og bætur því við að tengsl fermingarbarnanna við prestinn og kirkjuna sína styrkist jafnan mjög eftir dvölinu í Vatnaskógi. Aðspurð hvað stóð upp úr í ferðinni, svarar Arna



Sr. Arna Grétarsdóttir, sóknarprestur í Reynivallaprestakalli.

að umhverfið og félagsskapurinn sé líklegast hápunkturinn fyrir flesta þátttakendurna, ásamt bátunum og íþróttahúsinu. „En fyrir mér eru það kapellustundirnar sem standa upp úr og skilja hvað mest eftir sig. Það er svo sérstakur andi inni í kapellunni, og það er helst þar sem varnirnar fá að falla og krakkarnir geta verið þeir sjálfir.“

Hópurinn sem heimsótti Vatnaskóg þann 11. nóvember var jafnframt sá síðasti þetta árið, því að með tilkomu nýrra sóttvarnareglna 12. nóvember þurfti að fella niður síðustu fermingarnámskeið ársins. Dagskráin mun þó byrja að nýju þar sem frá var horfið, þegar samkomutakmarkanir verða rýmkaðar.



Myndirnar á opnunni eru frá fermingarnámskeiði barna úr Breiðholtssókn sem haldið var í Vatnaskógi fyrr í haust.



## Sumarstörf 2022

Á hverju ári fær KFUM og KFUK á Íslandi mikinn fjölda fólks til starfa í sumarþúðum og á leikjanámskeiðum félagsins. Um er að ræða spennandi, gefandi og umfram allt fjölbreytt störf í Kaldárseli, Ölveri, Vatnaskógi, Vindáshlíð og á Hólavatni, ásamt leikjanámskeiðum á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ.

Starf KFUM og KFUK er kristilegt hugsjóna-, mannræktar- og æskulýðsstarf. Með því að starfa í sumarþúðum er viðkomandi að taka þátt í félagsstarfi og leggja hugsjónastarfi lið með framlagi sínu. Því er mikilvægt að starfsmaður eigi samleið með þeirri hugsjón.

Þátttaka í starfi KFUM og KFUK og sumarþúðum félagsins er að stærstum hluta sjálfbóðastarf. Félagið hefur þó tök á



Þeir umsækjendur sem fá vinnu eru um leið að samþykka að sækja fjölbreytt námskeið fyrir starfsfólk sumarþúða. Námskeiðin auka hæfni starfsfólks, bæta gæði starfsins og eru nauðsynleg forsenda þess að starfa í sumarþúðum KFUM og KFUK.

**Umsóknarfrestur er til 15. febrúar næstkomandi með rafrænum umsóknareyðublöðum sem hægt er að nálgast á vefsíðu KFUM og KFUK (<http://www.kfum.is/starfsfolk/sumarstorf/>)**

að umbuna þeim sem starfa í skipulögðum dvalarflokkum sumarþúðanna með launagreiðslum. Aðilum er þó ljóst að sú umbun kann að vera lægri en samið hefur verið um í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði, einkum ef tekið er tillit til vinnutíma.



Til að gegna launuðu starfi hjá KFUM og KFUK, þarf viðkomandi að hafa náð 18 ára aldri, hafa hreint sakavottorð og hafa sótt *Verndum þau* -námskeiðið í barnavernd. Að auki gerir KFUM og KFUK kröfur til starfsmanna sinna um að hafa sótt námskeið í brunavörnum og skyndihjálpmál sem haldið er á hverju vori.

Unglingar undir 18 ára aldri geta sótt um að gerast aðstoðarforingjar í sumarþúðunum. Aðstoðarforingjar eru í sjálfbóðastarfi og er það í raun ókeypis leiðtogaþjálfun á vettvangi starfsins.

Umsóknarfrestur er til 15. febrúar næstkomandi með rafrænum umsóknareyðublöðum sem hægt er að nálgast á vefsíðu KFUM og KFUK (<http://www.kfum.is/starfsfolk/sumarstorf/>).

Öllum er frjálst að sækja um. Skilyrði er fyrir ráðningu að umsækjandi samþykki að leitað verði upplýsinga um hann hjá Sakaskrá ríkisins. Þegar val stendur á milli tveggja jafn hæfra einstaklinga, njóta þau forgangs sem taka virkan þátt sem leiðtogar í vetrarstarfi KFUM og KFUK og/eða hafa lokið leiðtogaþjálfun félagsins.

Þeir umsækjendur sem fá vinnu eru um leið að samþykka að sækja námskeið fyrir starfsfólk sumarþúða. Námskeiðin eru nauðsynleg forsenda þess að starfa í sumarþúðum KFUM og KFUK. Fyrir þá sem hafa áður starfað í sumarþúðum KFUM og KFUK er einnig mikilvægt að sækja slík námskeið árlega.

Nánari upplýsingar má fá hjá skrifstofu KFUM og KFUK, Holtavegi 28, Reykjavík í síma 588-8899. Athugið: Þeir sem sækja um starf hjá fleirum en einum sumarþúðum þurfa að fylla sérstaklega út umsóknareyðublað fyrir hverjar og einar sumarþúðir (og leikjanámskeið) sem þeir sækja um starf hjá.

Persónuvernd: Umsóknir eru skráðar í gagnabanka á vefsíðu KFUM og KFUK sem vefumsjónaraðilar síðunnar hafa aðgang að. Stjórn viðkomandi starfsstöðvar mun geta nálgast gögnin í gagnabankanum og hlaðið þeim niður til prentunar. Öllum umsóknargögnum í gagnabankanum verður eytt þegar ráðningum er lokið.

**Flokkaskrá sumarþúðanna sumarið 2022 er að finna á <http://www.kfum.is/flokkaskra>**



Í desember sl. komu fulltrúar þeirra hreyfinga sem mynda Æskulýðsvettvanginn saman í tilefni þess að 15 ár eru liðin frá því fyrsta Verndum þau -námskeiðið var haldið.

## Mikilvægar nýjungar hjá Æskulýðsvettvanginum

Það er ýmislegt á döfinni hjá Æskulýðsvettvanginum, samstarfsvettvangi KFUM og KFUK á Íslandi, Bandalags íslenskra skáta, Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Ungmennafélags Íslands, en Æskulýðsvettvangurinn fagnaði því nýlega að 15 ár eru síðan vettvangurinn hélt fyrst námskeiðið Verndum þau, í samstarfi við þær Ólöfu Ástu Farestveit og Þorbjörgu Sveinsdóttur. Markmið vettvangsins er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum barna og ungmenna í íþrótt- og æskulýðsstarfi, og að stuðla að heilbrigðum, uppbyggjandi og

vönduðum aðstæðum fyrir alla í slíku starfi, hvort sem um ræðir iðkendur, starfsfólk eða sjálfbóðaliða. Fréttablað KFUM og KFUK sló á þráðinn hjá Semu Erlu Serdar, framkvæmdastjóra Æskulýðsvettvangsins, og spurði hana út í helstu verkefni. „Okkar helstu verkefni um þessar mundir er auðvitað það að halda vel utan um námskeiðin okkar, líkt og Verndum þau og Netnámskeið í barnavernd, en námskeiðin okkar eru ávallt í sífældri þróun,“ segir Sema Erla og bætir því við að það sé afar mikilvægt að vera með augun opin fyrir breytingum í þessum málefnum.



Sema Erla Serdar, framkvæmdastjóra Æskulýðsvettvangsins.

„Það er til að mynda mikilvægt að uppfæra námskeið í barnavernd, sem nær yfir ólíkar birtingamyndir ofbeldis, eineltis og annars konar vanda, svo að það nái einnig yfir stafrænt ofbeldi, sem nú verður algengara með hverju árinu.“

„Auk þess höfum við undanfarið verið að undirbúa námskeið í innleiðingu siðareglna Æskulýðsvettvangsins, sem þróaðar voru fyrir starfsfólk og sjálfbóðaliða aðildarfélaganna okkar, og snúa bæði að samskiptum, sem og að rekstri og ábyrgð. Námskeiðið mun því snúast um að miðla þessum siðareglum, svo að einstaklingar í starfinu geti tileinkað sér reglurnar og unnið eftir þeim“ segir Sema Erla.

Að endingu ræðir Sema Erla spennandi verkefni sem Æskulýðsvettvangurinn mun bráðlega leggja lokahönd á, en það er það hefur verið nefnt fjölmennningarverkferakista. Um er að ræða verkefni sem verður í formi vefsíðu, þar sem finna má verkfæri fyrir félögin, sem nýta má í starfinu, til að tryggja að starfið geti verið opið og aðgengilegt fyrir alla þátttakendur. Verkfærin sem um ræðir verða fimm talsins, þ.e. fjölmenningarfræðsla, hugtakasafn, beinagrind að fjölmenningarstefnu fyrir félagasamtök, viðbragðsáætlun og síðast en ekki síst móttökuáætlun fyrir þátttakendur af erlendum uppruna.



Þorbjörg Sveinsdóttir og Ólöf Ásta Farestveit hafa haldið námskeiðið Verndum þau í 15 ár.

## Verndum þau – í 15 ár

Í haust voru liðin 15 ár síðan fyrsta Verndum þau -námskeiðið var haldið í samvinnu við Ólöfu Ástu Farestveit og Þorbjörgu Sveinsdóttur. Námskeiðið byggist á samnefndri bók og kennir fólki að greina og bregðast rétt við ef börn og unglingar búa við vanrækslu eða ofbeldi af einhverjum toga. Frá upphafi hefur námskeiðið hefur verið skyldunámskeið allra leiðtoga og starfsfólks í starfi KFUM og KFUK. Af þessu tilefni efndi Æskulýðsvettvangurinn til móttöku þar sem Ólöfu og Þorbjörgu voru færðar þakkir á þessum tímamótum.



## Basar KFUK tókst mjög vel

Laugardaginn 27. nóvember var hinn árlegi og glæsilegi Basar KFUK haldinn í húsi KFUM og KFUK á Holtavegi 28. Þar var á boðstólum alls konar falleg handunnin vara og heimabakað bakkelsi. Við opnun hússins kl. 14:00 var röð út úr dyrum. Það var sérstaklega ánægjulegt hve margir lögðu leið sína á Holtavegin. Fyrir

ári var ekki hægt að halda hefðbundinn basar vegna samkomutakmarkana og var hann því haldinn með rafrænu sniði. Fjöldi fólks tekur þátt í undirbúningi og framkvæmd Basars KFUK, m.a. eru hannyrdahópar að störfum allt haustmisserið auk þeirra sem leggja til kökur og annað bakkelsi.

Basar KFUK er mikilvæg fjárflokkun fyrir félagið. Basarnefndin vill koma á framfæri innilegum þökkum til allra sem lögðu hönd á plóg fyrir basarinn í ár. Þá fá þeir sem komu og ver sluðu vörur einnig sérstakar þakkar. Án ykkar allra væri þetta ekki hægt!



Hildur Þóra Hallbjörnsdóttir og Bára Sigurjónsdóttir.



María Sighvatsdóttir, Guðrún Nína Petersen og Kristín Sverrisdóttir.



Guðrún Nína Petersen og Arna Ingólfsdóttir.



## Vel heppnuð leiðtogahelgi í Vindáshlíð

Helgina 15.–17. október fór leiðtogabjálfun KFUM og KFUK fram í Vindáshlíð. Haldin voru tvö aðskilin námskeið: Leiðtogabjálfun I fyrir þá sem voru að stíga sín fyrstu skref í þjálfuninni og leiðtogabjálfun III fyrir lengra komna. Rúmlega 30 efnileg ungmenni mættu til leiks, en helgin var stútfull af fræðslu og skemmtun. Farið var yfir ýmis atriði sem tengjast því að starfa með

börnum, en meðal annars var farið yfir siðareglur félagsins, félagsmálafræðslu, framkomu, kristilega fræðslu, leiki og markmiðasetningu. Kennarar á námskeiðunum voru: Ásgeir Pétursson, Guðlaugur Sveinn Hrafnsson, Gunnar Hrafn Sveinsson, Hjördís Rós Jónsdóttir, Jón Ómar Gunnarsson, Sigurður Már Hannesson og Unnur Ýr Kristinsdóttir.



### Leikskólinn Vinagarður

## 89 börn á fimm deildum

Í leikskólanum Vinagarði eru í vetur 89 börn á fimm deildum. Þema starfsársins er vatnið og hafa skapandi verkefni og kristileg fræðsla tekið mið af því. Af nógu er að taka af sögum úr Biblíunni sem tengjast vatni eins og örkin hans Nóa, Jónas í hvalnum og Jesús stillir storminn. Annars hefur haustið verið viðburðaríkt í Vinagarði. Börn, foreldrar og starfsfólk fóru í dagsferð í Vatnaskóg, leikskólinn tók sem fyrr

þátt í verkefninu jól í skókassa og nú í desember æfðu elstu börnin helgileik sem sýndur var á júlabbli skólans. Einnig hafa jólasveinar komið í heimsókn og svo fóru þrjár elstu deildirnar í hefðbundna jólastund í Áskirkju. Við hvetjum ykkur til þess að fylgjast með starfinu á facebooksíðunni **Vinagarður leikskóli KFUM og KFUK**.



## Vetrarferð til Akureyrar

fyrir ungmenni 15 ára og eldri

11.–13. mars 2022

Akureyri er vinsælasti vetraríþróttabær landsins. Þess vegna stendur KFUM og KFUK fyrir vetrarferð/skiðaferð til Akureyrar helgina 12.–14. mars. Þessi einstaki viðburður er opinn fyrir alla ungleiðtoga, leiðtoga og þátttakendur í KSS og KSF og KFUM og KFUK. Gist verður í félagsheimili KFUM og KFUK á Akureyri, Sunnuhlíð. Farið verður á skíði og snjóbretti í Hlíðarfjalli bæði laugardag og sunnudag, farið í sund, borðað saman, haldin kvöldvaka og haft gaman. Leiðtogar á Akureyri ásamt stjórn KSS og KSF sjá um að undirbúa og skipuleggja ferðina.

[www.kfum.is](http://www.kfum.is)



## Æskulýðsmótið Friðrik 25.–27. febrúar 2022

Helgina 25.–27. febrúar næstkomandi verður Æskulýðsmótið Friðrik haldið í Vatnaskógi fyrir allar unglingadeildir KFUM og KFUK. Mótið er alltaf afar vel sótt enda er fjölbreytt dagskrá í boði. Má þar helst nefna Mission impossible-leik, kvöldvökur, hópastarf, draugagang, orrustu, íþróttir, spil og svo mætti lengi telja. Á laugardagskvöldinu verður haldið ball fyrir þátttakendur. Mótsstjórn og undirbúningur er í höndum æskulýðsfulltrúa KFUM og KFUK.



## Vorferð yngri deilda 25.–27. mars 2022

Vorferð yngri deilda er árlegur viðburður í æskulýðsstarfi KFUM og KFUK. Ferðin er fyrir börn á aldrinum 9–12 ára þar sem dvalið verður í Vatnaskógi! Nóg verður um að vera og allir munu finna eitthvað við sitt hæfi, hvort sem eru hefðbundnar eða óhefðbundnar íþróttir, hoppukastalar, leikir, kvöldvaka, ævintýraleikur eða náttfatapartý. Mikil spenna er bæði hjá leiðtogum og börnunum sjálfum fyrir þessari ferð og von er á fjölmönnum hópi í Vatnaskóg þetta árið. Mótsstjórn og undirbúningur er í höndum æskulýðsfulltrúa KFUM og KFUK.

## Leiðtogapjálfun helgina 28.-30. janúar 2022

– leiðtogapjálfun II og IV fyrir 15-17 ára

– leiðtogapjálfun X fyrir 18 ára og eldri

Leiðtogapjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára er byggð á tveimur sjálfstæðum helgarnámskeiðum á vetri. Á milli námskeiða fá þátttakendur verklega þjálfun á vettvangi starfsins. Á námskeiðinu er boðið upp á fræðslu fyrir 15–17 ára ungleiðtoga (fædda 2004, 2005 og 2006). Með leiðtogapjálfuninni er leitast við að auka hæfni og efla sjálfstraust og hjálpa ungu fólki að vera leiðtogar í eigin lífi og auka getu þeirra til þess að takast á við þau fjölmörgu tækifæri sem þeim bjóðast. Leiðtogapjálfun KFUM og KFUK er hugsuð fyrir alla sem hafa áhuga á að starfa sem leiðtogar í æskulýðsstarfi KFUM og KFUK, bæði í sumar- og vetrarstarfi félagsins.

Hvað lærir maður?

Í leiðtogapjálfun KFUM og KFUK er fræðslu skipt í fjóra efnisflokka og þess gætt að á hverju námskeiði sé eitthvað kennt úr hverjum flokki:

K = kristleg fræðsla

F = félagsmálafræðsla

U = ungmennalýðræði

M = mannrækt.

Helgina 28.-30. janúar 2022 verður boðið upp á leiðtogapjálfun II og leiðtogapjálfun IV í Vatnaskógi. Einnig verður boðið upp á leiðtogapjálfun X en það er sérstakt námskeið fyrir 18 ára og eldri og fyrir þá sem hafa lokið leiðtogapjálfun KFUM og KFUK. Allar nánari upplýsingar má fá hjá Hjördísi Rós, verkefnastjóra leiðtogapjálfunar KFUM og KFUK, hjordis@kfum.is.



## Páskaflokkur í Vindáshlíð fyrir 9–12 ára stúlkur

Vindáshlíð verður með nýjung í dymbilvikunni, 11.-13. apríl, og býður uppá páskaflokk fyrir stúlkur 9-12 ára. Í flokknum verður lögð áhersla á sögu og boðskap páskanna auk þess sem

boðið verður upp á páskaföndur og alls kyns skemmtun. Skráning í flokkinn er að finna á skráningarsíðu KFUM og KFUK; sumarfor.is





## Æskulýðsstarf vetrarins 2021–2022:

# 30 deildir á 14 stöðum

### Akranes

YD KFUM og KFUK  
– Mánudaga kl. 18:00-19:00  
UD KFUM og KFUK  
- Mánudaga kl. 20:00-21:20  
Fyrir starfinu fara æskulýðsfulltrúarnir Eva Sigurðardóttir og Birta Líf Hannesdóttir

### Akureyri

Vínadeild KFUM og KFUK  
- Þriðjudaga kl. 15:00-16:00  
Leikjafjör KFUK  
- Mánudaga kl. 17:00-18:00  
Leikjafjör KFUM  
- Þriðjudaga kl. 17:00-18:00  
UD KFUM og KFUK  
– Fimmtudaga kl. 20:00-21:30  
Tinna Hermannsdóttir svæðisstjóri KFUM og KFUK á Akureyri fer fyrir starfinu, en með henni er æskulýðsfulltrúinn Guðlaugur Sveinn Hrafnsson ásamt ungleiðtogum.

### Ástjarnarkirkja

Leikjafjör KFUM og KFUK  
– Miðvikudaga kl. 15:30-16:30  
UD KFUM og KFUK  
– Mánudaga kl. 20:00-21:30  
Fyrir starfinu fara æskulýðsfulltrúarnir Sigurður Már Hannesson, Ída Hlín Steinþórsdóttir, Kristel Þórðardóttir og Krístrún Guðmundsdóttir.

### Fella- og Hólakirkja

VD KFUM og KFUK  
- Fimmtudaga kl. 16:00-17:00  
UD KFUM og KFUK  
- Fimmtudaga kl. 20:00-21:30  
Fyrir starfinu fara sr. Pétur Ragnhildarson ásamt leiðtogunum Ásthildi Ben Davíðsdóttur, Bjarkey Rúnu Jóhannsdóttur, Dórótheu Örnólfsdóttur og Mörtu Karítas Ingibjartsdóttur.

### Grindavík

Leikjafjör KFUM og KFUK  
– Fimmtudaga kl. 18:00-19:00  
UD KFUM og KFUK  
- Fimmtudaga kl. 20:00-21:30  
Fyrir starfinu fara æskulýðsfulltrúarnir Pétur Bjarni Sigurðarson og Ásdís Birta Magnúsdóttir ásamt ungleiðtogum.

### Guðriðarkirkja

UD KFUM og KFUK  
– Þriðjudaga kl. 20:00 - 21:30  
Fyrir starfinu fer sr. Pétur Ragnhildarson ásamt leiðtogunum Nönnu Hafberg og Krístrúnu Lilju Gísladóttur.

### Hveragerði

YD KFUM og KFUK  
- Miðvikudaga kl. 18:00 -19:00  
UD KFUM og KFUK  
- Miðvikudaga kl. 20:00-21:30  
Fyrir starfinu fara æskulýðsfulltrúarnir Davíð Guðmundsson og Krístrún Lilja Gísladóttir

### Hvolsvöllur

YD KFUM og KFUK  
- Þriðjudaga kl. 17:00 -18:00  
UD KFUM og KFUK  
- Þriðjudaga kl. 20:00-21:30  
Fyrir starfinu fara æskulýðsfulltrúarnir Þráinn Andreusson og Kristjana Laufey

### Innri-Njarðvík

YD KFUM og KFUK  
- Fimmtudaga kl. 17:00-18:00  
Fyrir starfinu fara æskulýðsfulltrúarnir Pétur Bjarni Sigurðarson og Heiðar Hönnuson ásamt ungleiðtogum.

### Keflavík

VD KFUM og KFUK  
-Mánudaga kl. 14:30-15:30  
YD KFUK  
- Miðvikudaga kl. 19:30-20:30  
YD KFUM  
- Þriðjudaga kl. 17:30-18:30  
UD KFUM og KFUK  
- Sunnudaga kl. 20:00-21:00  
Fyrir starfinu fara Sigurbjört Kristjánsdóttir, Sveinn Valdimarsson, Brynja Eiríksdóttir, Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir, Marín Hrunn Jónsdóttir ásamt leiðtogunum Bergrúnu Dögg Bjarnadóttur, Helgu Sveinsdóttur, Helgu Vígðísi Thordersen, Lilju Þorsteinsdóttur, Ragnheiði Önnu Jónsdóttur, Rögnu Maríu Gísladóttur, Ólafi Jónssyni, Kristni Arnari Ólafssyni og Hildigunni Kristjánsdóttur.

### Lindakirkja

YD KFUK – Þriðjudaga kl. 16:30-17:30  
YD KFUM – Þriðjudaga kl. 17:00-18:00  
UD KFUM og KFUK 8. Bekkur  
-Þriðjudaga kl. 19:00-20:15  
UD KFUM og KFUK 9. -10. bekkur  
-Þriðjudaga kl. 20:30-22:00  
Fyrir starfinu fara æskulýðsfulltrúarnir Gunnar Hrafn Sveinsson, Hreinn Pálsson, Róbert Ingi Þorsteinsson, Andrea Rut Halldórsdóttir og Sigríður Sól Ársælsdóttir ásamt leiðtogunum, Karen Sól Hilmarsdóttur, Ragnari Má Halldórsyni og Tómasi Andra Gíslasyni.

### Neskirkja

UD KFUM og KFUK  
– Þriðjudaga kl. 19:30-21:30  
Fyrir starfinu fara æskulýðsfulltrúarnir Krístrún Guðmundsdóttir, Jakob Freyr Einarsson og Hálfán Helgi Matthíasson.

### Vestmannaeyjar

Opið hús KFUM og KFUK  
- Fimmtudaga kl. 20:00  
UD KFUM og KFUK  
- Sunnudaga kl. 20:00  
Fyrir starfinu fara Gísli Stefánsson ásamt leiðtogum.

### Ytri-Njarðvík-Ásbrú

UD KFUM og KFUK og Hjálpræðishersins  
- Mánudaga kl. 20:00-21:30  
Fyrir starfinu fara æskulýðsfulltrúarnir Pétur Bjarni Sigurðarson og Ásdís Birta Magnúsdóttir ásamt leiðtogum.

## Aðaldeildir KFUM og KFUK:

# Fundir aðaldeilda sameiginlegir á vormisseri 2022

Fundir aðaldeilda KFUM og KFUK verða sameiginlegir á vormisseri, þó með þeirri undantekningu að fyrstu fundir hvers mánaðar verða áfram kynskiptir karla- og kvennafundir. Þetta var niðurstaðan eftir könnun sem AD-nefndirnar gerðu í haust, þar sem hugur félagsfólks til sameiginlegs AD starfs var kannaður. Niðurstaða þeirrar könnunar sýndi einnig að félagsfólk vildi hafa sameiginlega AD fundi á fimmtudagskvöldum. Hér er dagskrá vormisseris 2022:

### JANÚAR

#### 11. janúar (KFUK kl. 17:30)

##### Ora et labora - að iðja og biðja

Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir, prófastur og sóknarprestur í Háteigskirkju, verður gestur fundarins, sýnir og segir frá handverki sínu og hefur hugvekjju.

#### 13. janúar (KFUM kl. 20:00)

##### Táknmál kirkjuhússins

Umsjón með efni: Dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson. Upphafsorð og bæn: Bjarni Gunnarsson. Stjórnun: Ólafur Sverrisson. Hugleiðing: Haraldur Jóhannsson. Tónlist: Bjarni Gunnarsson.

#### 20. janúar (KFUM & KFUK kl. 20:00)

##### Samfélagsleg áhrif séra Friðriks Friðrikssonar á fyrri hluta 20. aldar

Umsjón með efni: Dr. Pétur Pétursson. Upphafsorð og bæn: Matthías Guðmundsson. Stjórnun: Gunnar M. Sandholt. Hugleiðing: Sr. Magnús Björnsson. Tónlist: Hilmar Einarsson.

#### 27. janúar (KFUM & KFUK kl. 20:00)

##### Kirkjulíf í Bandaríkjunum

Umsjón með efni: Halldór Elías Guðmundsson. Upphafsorð og bæn: Herdís Ástráðsdóttir. Stjórnun: Guðmundur Jóhannsson. Hugleiðing: Sr. María Ágústsdóttir. Tónlist: Guðmundur Karl Einarsson.

#### 1. febrúar (KFUK kl. 17:30)

##### Ást og Hugrekki

Sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir, prestur í Árbæjarkirkju, verður gestur fundarins, kynnir nýjar bækur sínar: Ást og Hugrekki og hefur hugvekjju.

### FEBRÚAR

#### 3. febrúar (KFUM kl. 20:00)

##### Á ég að gæta systur minnar, móður Jarðar?

Umsjón með efni: Sr. Halldór Reynisson. Upphafsorð og bæn: Birgir Ásgeirsson. Stjórnun: Ársæll Aðalbergsson. Hugleiðing: Sr. Jón Ómar Gunnarsson. Tónlist: Albert E. Bergsteinsson.

#### 10. febrúar (KFUM & KFUK kl. 20:00)

##### Innrásin í Normandí

Umsjón með efni: Rósa Einarsdóttir og Ragnar Baldursson. Upphafsorð og bæn: Kári Geirlaugsson. Stjórnun: Árni Sigurðsson. Hugleiðing: Birna Gerður Jónsdóttir. Tónlist: Gunnar M. Sandholt.

#### 17. febrúar (KFUM & KFUK kl. 20:00)

##### Ljódakvöld - trú og náttúra í ljóðum yrkjandi félagsfólks

Umsjón með efni: Þórdís Klara Ágústsdóttir, Þórunn Elfdóttir, sr. Ólafur Jóhannsson og Sigurbjörn Sveinsson. Stjórnun: Ingi Bogi Bogason. Hugleiðing: Gunnar M. Sandholt. Tónlist: Bjarni Gunnarsson.

#### 24. febrúar (KFUM & KFUK kl. 20:00)

##### Gleðisveitin

Gleðisveitin sér um fundinn. Stjórnun: Dagný Bjarnhéðinsdóttir.

### MARS

#### 3. mars - fundur fellur inn í kristniboðsviku

#### 8. mars (KFUK kl. 17:30)

##### Bíbliulestur

Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, prestur í Hallgrímskirkju, verður gestur fundarins og hefur bíbliulestur.

#### 10. mars (KFUM kl. 20:00)

##### Bíbliuljóð Antonín Dvoráks

Umsjón með efni: Þorgils Hlynur Þorbergsson. Upphafsorð og bæn: Grímur Pétursson. Stjórnun: Gunnar J. Gunnarsson. Hugleiðing: Sr. Ólafur Jóhannsson. Tónlist: Ingibjartur Jónsson.

#### 17. mars (KFUM & KFUK kl. 20:00)

##### Um barokktímann

Umsjón með efni: Dr. Margrét Eggertsdóttir. Upphafsorð og bæn: Ragnhildur Gunnarsdóttir. Stjórnun: Ólafur Sverrisson. Hugleiðing: Dr. Hjalti Hugason. Tónlist: Hilmar Einarsson.

#### 31. mars (KFUM & KFUK kl. 20:00)

##### Íslam og íslenskt samfélag

Umsjón með efni: Halldór Lárússon. Upphafsorð og bæn: Hreinn Pálsson. Stjórnun: Arna Ingólfsdóttir. Hugleiðing: Sr. Ása Laufey Sæmundsdóttir. Tónlist: Gunnar M. Sandholt.

### APRÍL

#### 5. apríl (KFUK kl. 17:30)

##### Bíbliulestur

Sr. Bryndís Malla Elífdóttir prestur í Seljakirkju, verður gestur fundarins og hefur bíbliulestur.

#### 7. apríl (KFUM kl. 20:00)

##### Landnám Íslands fyrir landnám

Umsjón með efni: Þorvaldur Friðriksson fornleifafræðingur og frv. fréttamaður. Upphafsorð og bæn: Hörður Geirlaugsson. Stjórnun: Ingi Bogi Bogason. Hugleiðing: Dr. Gunnar Jóhannes Gunnarsson. Tónlist: Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson.

#### 28. apríl (KFUM & KFUK kl. 20:00)

##### Lög unga fólksins

##### - tónleikar á Holtavegi

Á tónleikunum koma fram ýmsir sem stóðu fyrir tónlist í félögunum á árunum 1965-1980.

### MAÍ

#### 3. maí - þriðjudagur kl. 17:30

#### (KFUM & KFUK kl. 17:30)

##### Vorferð í Skálholt

Sr. Kristján Björnsson vígslubiskup tekur á móti hópnum. Rölt um nýja stíga á staðnum. Sagt frá viðgerðum á kirkjunni, minnismarki um Jón Arason o.fl. Helgistund í kirkjunni. Matur á staðnum. Nánar auglýst þegar nær dregur.



# Fjölskylduflokkar í Vatnaskógi

Að vetri: 11.–13. febrúar

Með hækkandi sól: 8.–10. apríl

Eins og undanfarin ár bjóða Skógarmenn KFUM upp á fjölskylduflokka í Vatnaskógi.

Fyrri flokkurinn verður í vetrarríki dagana 11.–13. febrúar og sá seinni verður með hækkandi sól dagana 8. – 10. apríl.

Í fjölskylduflokkki er frábært tækifæri til þess að njóta þess að vera saman og efla fjölskyldutengslin í notalegu andrúmslofti.

Boðið er upp á góða aðstöðu og afslappaða og uppbyggilega dagskrá með útiveru, innileikjum, kvöldvökum og helgistundum í frábæru umhverfi Vatnaskógar. Starfsmenn Vatnaskógar hugsa vel um þátttakendur, og kapp er lagt á að

allir skemmti sér vel. Flokkurinn er opinn fyrir alla aldurshópa.

Dagskráin hefst á kvöldverði kl. 19:00 á föstudeginum og miðað er við að fjölskyldur ferðist á einkabílum á staðinn, ekki er boðið upp á rútuferðir.

Verð er 13.500 kr. á mann en frítt er fyrir 6 ára og yngri.

Hámarksverð fyrir fjölskyldu er 41.000 kr. Skráning er á skrifstofu KFUM og KFUK í síma 588 8899 eða á netfanginu skrifstofa@kfum.is. Dagskrá helgarinnar má finna á [www.kfum.is](http://www.kfum.is)

## Aðal- og ársfundir innan KFUM og KFUK

Aðal- og ársfundir starfsstöðva KFUM og KFUK á Íslandi verða á tímabilinu 8. til 24. mars og hefjast kl. 20:00, nema annað sé auglýst. Hér með er boðið formlega til fundanna, eins og lög kveða á um.

Allir fullgildir og skuldlausir félagar í KFUM og KFUK á Íslandi hafa rétt til að kjósa á aðal- og ársfundum starfsstöðva félagsins.

Á aðal- og ársfundum fara fram venjuleg aðalfundarstörf, starfsskýrslur eru kynntar, endurskoðaðir reikningar lagði fram, fjárhagsáætlanir kynntar, kosið er í stjórnir og umræður um starfið fara fram.

- 8. mars** Aðalfundur KFUM og KFUK á Suðurnesjum. Haldinn í félagshúsi KFUM og KFUK Hátúni 36.
- 9. mars** Aðalfundur KFUM og KFUK á Akureyri og aðalfundur Hólavátns. Haldinn í félagsheimilinu Sunnuhlöð.
- 9. mars** Aðalfundur Ölvers. Haldinn á Holtavegi 28.
- 15. mars** Aðalfundur Vindáshlíðar. Haldinn á Holtavegi 28.
- 16. mars** Aðalfundur Kaldársels. Haldinn á Holtavegi 28.
- 16. mars** Aðalfundur Vinagarðs, leikskóla KFUM og KFUK. Haldinn í Vinagarði við Holtaveg.
- 21. mars** Ársfundur Karlaðs KFUM. Haldinn á Holtavegi 28.
- 23. mars** Aðalfundur KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum. Haldinn í Landakirkju kl. 12:00.
- 24. mars** Aðalfundur Skógarmanna (Vatnaskógar). Haldinn á Holtavegi 28. Hefst með súpu kl. 19:00.
- 2. apríl** Aðalfundur KFUM og KFUK á Íslandi. Haldinn á Holtavegi 28. Hefst kl. 10:00.

2. apríl

## Aðalfundur KFUM og KFUK

**Formlegt boð á aðalfund KFUM og KFUK á Íslandi.**

Aðalfundur KFUM og KFUK á Íslandi fer fram laugardaginn 2. apríl 2022 kl. 10:00-14:00.

Fundurinn fer fram í húsi félagsins að Holtavegi 28 í Reykjavík.

Dagskrá: Hefðbundin aðalfundarstörf.

Allir fullgildir félagar í KFUM og KFUK á Íslandi hafa atkvæðisrétt á fundinum.

Félagsfólk er hvatt til að fjölmenna.



# Skráning í sumarþúðir KFUM og KFUK

hefst fimmtudaginn 3. mars

<b>Vatnaskógur</b>	Skráning hefst kl. 11:00
<b>Vindáshlíð</b>	Skráning hefst kl. 12:00
<b>Ölver</b>	Skráning hefst kl. 13:00
<b>Hólavatn</b>	Skráning hefst kl. 13:00
<b>Kaldársel</b>	Skráning hefst kl. 13:00



[www.kfum.is](http://www.kfum.is)